
Stólalyfta í Hlíðarfjalli, Akureyri

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 25. maí 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stólalyftu ehf. um stólalyftu í Hlíðarfjalli á Akureyri samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stólalyfta í Hlíðarfjalli, Tilkynning. Stólalyfta ehf. AVH Arkitektúr-Verkfræði-Hönnun, 23. maí 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Akureyrarbæ með bréfi dags. 4. júní 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 5. júní 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. júní 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 6. og 15. júní 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að reisa stólalyftu á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli ásamt viðeigandi mannvirkjum, það er neðra og efra lyftuhús og færibandagryfju við neðra lyftuhús. Stólalyftan verði rafknúin og um 1160 metrar og áætlaður hæðarmunur á neðra og efra lyftuhúsi sé um 374 metrar. Stólarnir séu fjögurra sæta og gert sé ráð fyrir 140 stólum og afkastagetan verði um 1650 manns á klukkustund. Lyftumöstrin séu um 17 talsins, 4,5-15,2 metra há, stálmöstur á steiptum undirstöðum.

Fram kemur að neðra lyftuhúsið sé tæpir 40 m² á einni hæð og við hliðina á því verði steipt færibandagryfja. Í húsinu verði stjórnrymi, snyrting, geymsla ásamt spennarymi. Spennir verði með 1000 lítra af olíu til kælingar og undir honum verði gryfja sem geti tekið við allri olíunni ef óhapp verður. Sökkjar, botnplata og veggir kringum spenni séu steipt, aðrir veggir og þak verði úr timbri. Rotpró verði sett niður samkvæmt reglum Umhverfisstofnunnar. Efra lyftuhúsið sé á tveimur hæðum, samtals 45 m². Neðri hæðin sé óráðstafað rými og á efri hæðinni sé stjórnrymi, snyrting og geymsla. Sökkjar og botnplata sé steipt en veggir og þak úr forsteiptum einingum.

Þá kemur fram að sett verði snjóflóðavörn fyrir ofan efra endamastur og efra lyftuhús verði með fleyglaga veggjum til vesturs til varnar snjóflóðum og einnig verði settur upp búnaður til þess að losa niður snjó. Nýjar skíðaleiðir verði mótaðar og sléttaðar fyrir ofan núverandi skíðaleiðir. Nýju skíðaleiðirnar séu þrjár norðan við lyftuna og þrjár sunnan við. Þær verði samtals um 1,8 km langar og um 15-45 metra breiðar. Eins verði svæði við neðra lyftuhús sléttað að einhverju leiti. Raflagnir fyrir lyftuna komi í jörð. Gera megi ráð fyrir einhverju gróður- og jarðvegraski við þessar aðgerðir.



Samkvæmt deiliskipulagi skulu röskuð svæði grædd upp jafn óðum eins og við á með sáningu, sér í lagi neðan gróðurlínu sem sé í um 700 m hæð yfir sjávarmáli. Nýju skíðaleiðarnar séu allar fyrir ofan þessa gróðurlínu. Vegslóði sé á svæðinu og hlykkist upp með núverandi toglyftu og upp á topp. Viðbótar vegslóðar verði gerðir að lyftuhúsunum.

Fram kemur að stólalyftan sé staðsett miðja veginni á milli vatnsverndarsvæða og sé um 1 kílómetra frá hvoru svæði.

Staðhættir

Í greinargerð kemur fram að neðst á skíðasvæðinu og upp í um það bil 700 m hæð sé gróið land þar sem skiptist á mólendi og mýrardrög, þar fyrir ofan séu grýttir, lítt grónir hólar og hryggir og efstu 100-300 metrarnir séu grjóturð, brött neðan undir klettótttri fjallsbrún en flatari ofan brúnarinnar. Stólalyftan muni byrja rétt neðan við þessi 700 m hæðarmörk sem nefnd eru og því sé hún að mestu eða nánast að öllu leyti staðsett á stórgrýttu svæði og lítt grónum hólum eða hryggjum. Landnotkunin á svæðinu sé íþróttasvæði og svæðið sé nú þegar raskað að miklu leyti þar sem stólalyftan eigi að koma, það sé rétt sunnan við núverandi toglyftu. Vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði beri að huga vel að öllum þáttum sem geta haft áhrif á umhverfið.

4 UMHVERFISÁHRIF

Náttúrufar

Fram kemur að mögulega geti framkvæmdirnar haft einhver áhrif á vistgerðir á svæðinu, en að mestu leyti séu framkvæmdirnar á stórgrýttu svæði. Vistgerðir á framkvæmdasvæðinu séu flestar með lágt eða miðlungs verndargildi. Hins vegar megi finna vistgerðir með hátt verndargildi í nágrenni svæðisins.

Vatnsverndarsvæði

Í greinargerð kemur fram að stólalyftan verði miðja veginni á milli tveggja vatnsverndarsvæða. Á framkvæmdatíma geti komið upp til dæmis olíuleki úr ýmsum tækjum og vinnuvélum. Gert sé ráð fyrir ýmsum ráðstöfunum á framkvæmdatíma til að lágmarka mengunarhættu vegna olíuóhappa. Þær felist m.a. í takmörkunum á því magni olíu sem verði á svæðinu hverju sinni, sérstakri aðstöðu á bílaplani til áfyllinga, viðbragðsbúnaði til að bregðast við óhöppum, daglegu eftirliti með vélum og tækjum, lágmarkun rasks og stýrðri umferð tækja. Auk þess sem tilkynnt verði um óhöpp til lögreglu og annarra sem málið varðar.

Á rekstartíma sé unnið eftir vinnureglum sem séu í gildi í Hlíðarfjalli. Varðandi hættu vegna þjónustuumferðar þá sé það helst glussi sem gæti sloppið af troðurum. Notaður sé umhverfisvænn glussi en ef hann berst í snjó þá frýs hann venjulega á 30 cm dýpi og síðan er honum mokað upp og farið með hann í vélageymslu, bræddur og fargað í olíugildru.

Ásýnd

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði mannvirkjagerð ofan núverandi skíðasvæðis og einkum sjónræn áhrif vegna snjóflóðavarnar og endamasturs lyftunnar. Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt sé að velja yfirborðsefni í ytra byrði fleygsins til að fella hann betur að umhverfinu. Einnig ætti að leggja áherslu á að fella efnistökusvæðið ofan við snjóflóðavörnina að hlíðinni á nýjan leik og gæta þess að taka efni ekki of djúpt í skriðuna sem torveldað geti frágang.

Í svörum Stólalyftu kemur fram að miðað við núverandi hönnun sé miðað við að aðeins efri helmingur varnarinnar verði úr vírkösum á þeirri hlið sem snúi að fjallinu, um 3 m á hæð. Aðrir sýnilegir fletir verði í aðalatriðum grjóthleðslur og skriðuefni úr fjallinu, þar með talið hliðin sem vísar niður að endastöðinni og því svæði sem fólk sjái gleggst. Ekki sé heppilegt að taka efni úr



hlíðinni beint á móti fleygnum. Mun eðlilegra sé að lækka yfirborð lands norðan við fleyginn og nota það í aðalatriðum sem fyllingu og landmótun við endamastur og hús, þar sem þurfi töluverða fyllingu til að móta landið að mannvirkinu sem og fyllingu í kjarna fleygsins. Það létti á snjóflóðafarveginum norður með fleygnum. Einnig sé líklegt að það þurfi að sækja grjót víðar að um svæðið, en þá verði aðallega horft til þess að safna upp grjóti við áður röskuð svæði og slóðir sem liggja um hlíðina og svæðum sem þurfi að móta vegna skíðaleiða.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi Hlíðarfjalls.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Byggingarleyfi Akureyrarbæjar 9. gr. laga um mannvirki. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða nýja stólalyftu í Hlíðarfjalli á Akureyri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun, mengun, ónæði og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Stólalyftan er um 1,2 km á lengd á skipulögðu skíðasvæði þar sem umfangsmikil skíðamannvirki eru til staðar. Óveruleg úrgangsmýndun og mengun fylgir skíðamenskunni eftir að reglubundin starfsemi er komin í rekstur. Á framkvæmdatíma er helst hætta á óhöppum sem unnt á að vera að koma í veg fyrir ef ráðstöfunum til að lágmarka mengunaróhöpp verður fylgt. Gangi það eftir telur Skipulagsstofnun að þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar kalli ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning og eiginleikar framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkur á áhrifum, tímalengd, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnun ólíkra umhverfisáhrifa sbr. 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra.

Svæðið er nú þegar raskað að miklu leyti á því svæði þar sem stólalyftan mun rísa. Vatnsverndarsvæði eru beggja vegna íþróttasvæðisins í Hlíðarfjalli og því ber að huga vel að öllum þáttum sem geta haft áhrif á neysluvatn. Ef mannvirkjagerð og rekstur gengur eðlilega fyrir sig þá er ekkert í reglubundinni starfsemi sem á að hafa áhrif á nálæg vatnsverndarsvæði. En eins og bent var á að ofan þá er brýnt að frá upphafi séu til staðar ráðstafanir til að bregðast við mögulegum mengunarslysum. Skipulagsstofnun telur að hvorki staðsetning né eiginleikar fyrirhugaðrar framkvæmdar gefi tilefni til að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Stólalyftu við tilkynningu, umsagnir og og frekari upplýsingar framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stólalyfta í Hlíðarfjalli, sé ekki líkleg til hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. ágúst 2018.

Reykjavík, 27. júní 2018

Sigurður Ásbjörnsson

Egill Þórarinnsson